



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður

Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 12. júní 2017
1405059 sph

Efni: Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 9. júní s.l., var fjallað um tillögu að deiliskipulagi Dalbraut Þjóðbraut.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi Dalbrautarreits sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 7.6. 2017. Tillagan er sett fram á skipulagsuppdráttum og í greinargerð. Í tillögunni er gert ráð fyrir þéttri byggð með blandaðri landnotkun íbúðarbyggðar og miðbæjarstarfsemi. Tillagan var kynnt á almennum fundi 16. febrúar 2017. Deiliskipulag Dalbrautarreits frá 2006 verður fellt úr gildi og eru ákvæði þess felld inn í skipulagstillöguna. Jafnframt verður mörkum deiliskipulags Dalbrautar-Þjóðbrautar frá 1988 breytt til samræmis við tillöguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan ásamt breytingarblaði vegna eldra deiliskipulags verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagsлага.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson

Sigurður Páll Harðarson
sviðsstjóri

Meðf.: Breytingaruppdráttur
Skýringaruppdráttur
Deiliskipulagsuppdráttur

